



# Kennslupakki Keynote

Þessi kennslupakki eru til að gera kennsluráðgjöfina markvissari og til að auka líkurnar á því að kennari og nemendur haldi áfram að auka við hæfni og þekkingu á nýtingu appsins í námi og kennslu eftir kennsluráðgjöfina.

Fyrsti tími með kennara þarf ekki að vera langur og mætti í sumum tilvikum vera samskipti með tölvupósti. Eins má sameina kennslustundir, allt eftir aldri nemenda og verkefnum.

## Fyrsti tími þar sem kennari og kennsluráðgjafi hittast

Kanna þarf fyrst þekkingu kennara og nemenda á appinu.

Kunna nemendur á appið? Ef já þá hve mikil er sú þekking? Nemendur geta

- sett inn texta og breytt letri og lit
- skilja samspil lita texta og bakgrunns á glæru
- sett inn mynd og breytt stærð hennar í rammanum
- búið til nýja glæru
- afritað eða límt og endurraðað glærum
- breytt bakgrunni
- sett inn örvar, línur, dýr og fleiri myndir sem eru í appinu
- sett inn myndrit
- teiknað og skipt um lit og stærð á penna
- tekið upp hljóð
- sett inn vefsíðu og youtube myndbönd
- sett hlekki á texta og myndir sem vísa á aðrar glærur eða vefsíður
- látið texta, myndir eða glærur birtast með ýmsum stælum
- unnið með öðrum í sömu kynningunni
- breytt heiti kynningar
- flutt út kynningu og skilað t.d. í Google Classroom

## Fyrsta kennslustund með kennara og nemendum

Kennsluráðgjafi byrjar á að ræða við nemendur og ef þeir kunna á appið þá þarf hann að staðsetja kennsluna miðað við þá þekkingu. Hafi nemendur ekki kynnt sér appið þarf að segja nemendum stuttlega frá hvað hægt er að gera í appinu og hvernig það getur nýst þeim í náminu svo sem við kynningar. Hann kennir nemendum á þau verkfæri sem talin eru upp hér að ofan. Tími u.þ.b. 40 mínútur.





## Önnur kennslustund með kennara og nemendum

Kennari leggur inn verkefni og kennsluráðgjafi er til aðstoðar.  
Tími sveigjanlegur.

## Þriðja kennslustund með kennara og nemendum

Nemendur skila kynningum á Google Drive eða Google Classroom og kennsluráðgjafi er til aðstoðar.  
Tími sveigjanlegur.

## Síðasti tími þar sem kennari og kennsluráðgjafi hittast

Kennari og kennsluráðgjafi skoða verk nemenda og meta afrakstur.

- Var hann í samræmi við markmið?
- Hvað var gott?
- Hvað mætti betur fara?
- Hver eru næstu skref kennarans?